

17. fundur hafnarnefndar Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, mánudaginn 26. apríl 2010 kl. 20:00

Mættir eru: Aðalbjörn Arnarsson formaður, Áki Hermann Guðmundsson, Steinn Karlsson hafnarvörður á Þórshöfn, Indriði Þóroddsson hafnarvörður á Bakkafirði og Gunnólfur Lárusson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð á tölvu.

Dagskrá:

1. Staða hafnarframkvæmda á Þórshöfn.

Hafnarvörður fór yfir stöðu hafnarframkvæmda og verða útboðsgögn vegna þekju trúlega klár til útboðs seinni partinn í maí. Gert er ráð fyrir því að mælingaskip komi um miðjan maí og dýptarmæli höfnina.

Mikil umræða fór fram um höfnina og eru fundarmenn sammála því að sú vinna sem unnin hefur verið við höfnina hafi tekist vel.

Hafnarnefnd leggur áherslu á það að haldið verði áfram að bæta höfnina og næsta skref verður að dýpka við suðurgarðinn í innsiglingunni og stækka snúningsplanið í höfninni.

2. Staða hafnarinnar á Bakkafirði.

Hafnarvörður fór yfir stöðu hafnarinnar og að nauðsynlegt væri að fá mælingaskipið til að koma og dýptarmæla höfnina á Bakkafirði. Sveitarstjóra var falið að athuga hvort hægt væri að gera það þegar það verður gert á Þórshöfn. Jafnframt var talað um að það þyrfti að endurnýja löndunarkrana við höfnina.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21:15